

Sp.

760. Breytingartillaga

[89. mál]

við till. til þál. um nýtingu og rekstrargrundvöll sláturhúsa.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga hvernig bæta megi rekstrargrundvöll sláturhúsa, m. a. með því að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni, svo að lengja megi nýtingartíma þeirra. Enn fremur verði kannað hvort hagkvæmt sé að endurbæta eldri sláturhús, svo að viðunandi sé, eða ráðast í nýbyggingar.